

Fundargerð 534

Föstudaginn 5. apríl 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:05 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Byggðarannsóknarsjóður - til afgreiðslu

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Byggðarannsóknarsjóður - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um styrki til byggðarannsóknna auk fundargerðar 18. fundar stjórnar Byggðarannsóknasjóðs frá 11. mars 2024 sem SEÞ kynnti.

Byggðarannsóknasjóður hefur það að markmiði að veita styrki til rannsóknna- og þróunarverkefna sem stuðlað geta að jákvæðri byggðaþróun og bætt þekkingargrunn sem nýtist við stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðir á sviði byggðamála. Stjórn Byggðarannsóknasjóðs metur umsóknir og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um styrkveitingu. Styrkirnir eru fjármagnaðir af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun. Til úthlutunar eru 17,5 m.kr.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknasjóðs, þann 11. mars 2024 var ákveðið að leggja til að styrkja sex verkefni, samtals 17,5 m.kr., sem skiptast á milli styrkþega samkvæmt eftirfarandi tillögu:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Svæðisbundinn stuðningur í íslenskum landbúnaði	Jóhanna Gísladóttir	3.400.000,-
Ferðaleiðir um fámenn svæði. Rannsókn á aðkomu og sýn heimamanna á uppbyggingu ferðamannaleiða	Rannsóknamiðstöð ferðamála	3.100.000,-
Óstaðbundin störf: Hvernig er reynslan	RHA-Rannsóknamiðstöð HA	3.100.000,-
Dreifbýlisvæðing eða þéttbýlisflæði? Byggðaðróun á Selfossi, Suðurlandi og annars staðar á suðvestursvæðinu.	Þóroddur Bjarnason	3.200.000,-
Beinar og óbeinar byggðaaðgerðir og þróun mannfjölda í sex sveitarfélögum: Samanburðarrannsókn	Ari Klængur Jónsson	2.200.000,-
Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði - hindranir og hvatar	Samtök ungra bænda	2.500.000,-

Lagt er til við stjórn að ofangreind verkefni fái styrk úr Byggðarannsóknasjóði

Til máls tóku MaH, KB, HKH og SÞ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs og var hún samþykkt samhljóða.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 9:25.

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson